

## FUNDARGERÐ

**Fimmtudaginn 19. desember 2013 kl. 14:00** kom ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga saman til fundar í húsakynnum innanríkisráðuneytisins. Fundurinn fór fram í Sölvhólsvör, fundarherbergi á 1. hæð Sölvhólsgötu 7, Reykjavík.

Fundinn sátu nefndarmennirnir Björk Þorsteinsdóttir og Þórunn Egilsdóttir ásamt starfsmönnum Jöfnunarsjóðs þeim Bergi Sigurbjörnssyni, Elínu Pálsdóttur og Halldóri V. Kristjánssyni. Í fjarfundarsambandi voru Guðmundur Bjarnason formaður, Bjarni Jónsson, Hermann Jón Tómasson og Guðni Geir Einarsson.

Guðmundur Bjarnason setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Gengið var til dagskrár.

### FUNDARGERÐIR

Lagðar voru fram til umfjöllunar og afgreiðslu fundargerðir frá fundum ráðgjafarnefndar 26. október og 29. nóvember 2013. Fundargerðirnar voru samþykktar og undirritaðar án athugasemda.

### FRAMLAG VEGNA FJÁRHAGSERFIDLEIKA

#### Grundarfjarðarbær

*Umsögn Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga*

Á fundi ráðgjafarnefndar 29. nóvember sl. var greint frá því að á grundvelli b- liðar 7. gr. reglugerðar um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, nr. 960/2010, hafi verið óskað eftir því við Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga að nefndin gæfi umsögn sína um beiðni Grundarfjarðarbæjar um viðbótarframlag að fjárhæð 3,4 m.kr. vegna kostnaðar við úttekt á fjárhagsstöðu sveitarfélagsins.

Umsögn Eftirlitsnefndarinnar, dags. 16. desember 2013, hafði borist og var lögð fram til kynningar. Í umsögn sinni mælir nefndin með að Grundarfjarðarbæ verði veitt umbeðið viðbótarframlag.

Með tilvísun til þessa samþykkti ráðgjafarnefndin að leggja til að beiðni Grundarfjarðarbæjar væri tekin til greina og lagði nefndin til að úthlutað væri viðbótarframlagi vegna úttektar á fjárhagsstöðu sveitarfélagsins að fjárhæð allt að 3,4 m.kr. Framlagið kemur til greiðslu þegar upplýsingar um áfallinn kostnað liggja fyrir hjá sjóðnum.

#### Bolungarvíkurkaupstaður

Þann 7. október 2008 gerðu Bolungarvíkurkaupstaður og Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga með sér samning um að unnið yrði að greiningu á fjárhagsvanda sveitarfélagsins og leitað leiða til lausnar vandans. Hluti af þeirri heildarlausn sem stefnt var að var aðkoma Íbúðalánasjóðs með afskrift 146,0 m.kr. eða 50% af skuldum sveitarfélagsins eins og þær voru í ársbyrjun 2009. Íbúðalánasjóður afskrifaði strax 73,0 m.kr en 73,0 m.kr. voru frystar í eitt ár. Að því ári loknu skyldi málið tekið til endurskoðunar í samráði við Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga. Síðari niðurfærsla á skuldum sveitarfélagsins hefur ekki gengið eftir þrátt fyrir fyrirheit þar um.

Á grundvelli upplýsinga frá ráðuneytinu frá 18. desember 2013, sem lagðar voru fram á fundinum, kemur fram að meirihluti fjárlaganefndar hafi lagt til að 35,0 m.kr. rynnu í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga á grundvelli fjárukalaga 2013. Samhliða þessu var lögð fram á fundinum tillaga ráðuneytisins um að sambærileg fjárhæð kæmi úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Með tilvísun til þessa væri framangreint samkomulag Bolungarvíkurkaupstaðar og Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga um fjárhagslega endurskipulagningu sveitarfélagsins frá því í ársbyrjun 2009 leitt til lykta.

Ráðgjafarnefndin samþykkti að leggja til að tillaga ráðuneytisins um úthlutun og greiðslu framlags á grundvelli 4. mgr. 75. gr. sveitarstjórnarlaga til Bolungarvíkurkaupsstaðar að fjárhæð 35,0 m.kr. væri tekin til greina með fyrirvara um endanlegt samþykki fjárukalaga 2013.

## TEKJUJÖFNUNARFRAMLÖG

### Breytingar á 12. gr. reglugerðarinnar vegna ársins 2014

#### Umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga

Á fundi ráðgjafarnefndar 13. desember sl. var lögð fram til umfjöllunar umbeðin umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 10. desember 2013, um drög að breytingu á 12. gr. reglugerðar um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga nr. 960/2010 með síðari breytingum hvað viðmiðunarflokka við útreikning tekjujöfnunarframlaga á árinu 2014 varðar í tengslum við sameiningu Sveitarfélagsins Álftaness og Garðabæjar.

Breytingin tæki mið af því að Garðabær, nýsameinað sveitarfélag, mundi áfram falla undir þann viðmiðunarflokk framlaganna þar sem sveitarfélagið hefði verið áður í stað þess að færast upp í viðmiðunarflokk með sveitarfélögum sem væru með 14.450 íbúa og fleiri. Með því væri dregið úr verulegri aukningu á tekjujöfnunarpörf stóru sveitarfélaganna þar sem Garðabær væri með mun hærri meðaltekjur á íbúa en önnur sveitarfélög í þeim viðmiðunarflokki. Þannig mundi einnig innbyrðis jafnvægi í úthlutun framlaganna haldast nokkuð óbreytt.

Í umsögn Sambandsins kemur m.a. fram að í ljósi þess að mjög lítill munur sé á milli íbúafjölda Reykjanesbæjar, sem nú er 14.450 og Garðabæjar sem nú er 14.100 sé tæplega talið málefnalegt að þessi tvö sveitarfélög verði í sitt hvorum viðmiðunarflokki framlaganna auk þess sem hætta sé á að sveiflur í íbúafjölda geti leitt til þess að það viðmið sem ráðgjafarnefndin leggja til reynist haldlaust.

Í umsögn Sambandsins er gerð grein fyrir lágum meðaltekjum á íbúa í Reykjanesbæ í samanburði við sambærileg sveitarfélög og jafnframt gerð grein fyrir jákvæðum áhrifum þess fyrir sveitarfélagið væri fallið frá framangreindri breytingu á reglugerðinni.

Með tilvísun til framangreindra sjónarmiða telur Samband íslenskra sveitarfélaga að ekki séu nægjanlegar ástæður til að breyta reglugerð um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, nr. 960/2010, með síðari breytingum.

Þar sem fundur ráðgjafarnefndar og stjórnarfundur Sambandsins báru upp á sama dag hafði Sambandið sent umsögn sína um drög að breytingu á 12. gr. reglugerðar, nr. 960/2010 með síðari breytingum, með fyrirvara um samþykki stjórnarinnar. Ráðgjafarnefnd ákvað því að fresta frekari umræðu um umsögn Sambandsins til næsta fundar nefndarinnar.

Á fundinum nú var umsögnin tekin á ný til umfjöllunar og til afgreiðslu. Umsögnin hafði verið samþykkt á stjórnarfundum Sambandsins þann 13. desember sl. Ráðgjafarnefndin samþykkti að leggja til að framangreind sjónarmið Sambands íslenskra sveitarfélaga væru tekin til greina og að fallið yrði frá ráðgerðri breytingu á reglugerðinni.

Hins vegar samþykkti ráðgjafarnefndin að leggja til að við útreikning tekjujöfnunarframlaga ársins 2014 væri tekið mið af ákvæði í 2. málslíð 3. mgr. 12. gr. reglugerðar nr. 960/2010 en þar segir:

*Við útreikning meðaltals skv. b-,c- og d- lið skal sleppa tekjum sem einstök sveitarfélög hafa af álagningu fasteignaskatts og framleiðslugjaldi af virkjunum og stórfyrirtækjum, enda hafi þær tekjur veruleg áhrif á niðurstöðu innan viðkomandi flokks. Jafnframt skal við útreikning meðaltals skv. b-, c- og d- lið sleppa alveg einstaka sveitarfélögum þar sem tekjur eða íbúafjöldi hafa veruleg áhrif á niðurstöðu innan viðkomandi flokks, sbr. ákvæði í 3. mgr. 12. gr.*

Með tilvísun til þess mats ráðgjafarnefndarinnar að tekjur Garðabæjar munu hafa veruleg áhrif á tekjujöfnunarpörf sveitarfélaga með 12.000 íbúa og fleiri annarra en Reykjavíkurborgar mun tekjum Garðabæjar verða sleppt við útreikning meðaltals á grundvelli b-liðar 2. mgr. 12. gr. reglugerðarinnar.

Á fundinum voru lagðir fram til kynningar útreikningar tekjujöfnunarframlaga ársins 2013 að teknu tilliti til framangreindrar samþykktar ráðgjafarnefndar sjóðsins.

## **YFIRFÆRSLA Á MÁLEFNUM FATLAÐRA ENDURSKOÐUÐ GREIÐSLU- OG REKSTRARÁÆTLUN 2013**

Lögð var fram til kynningar endurskoðuð greiðslu- og rekstraráætlun 2013 vegna yfirfærslu á málefnum fatlaðs fólks.

Í tekjuhlið áætlunarinnar kemur fram að sérstök framlög frá ríki vegna yfirfærslunnar nemi samtals 856,0 m.kr. Um er að ræða framlag vegna breytingakostnaðar að fjárhæð 239,0 m.kr., framlag vegna NPA 166,0 m.kr. og framlag vegna biðlista 451,0 m.kr. Framlög úr Fasteignasjóði Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga nema samtals 416,6 m.kr. 0,95% hlutdeild í útsvarstekjum sveitarfélaga vegna yfirfærslunnar nema samtals 9.552,5 m.kr. Áætlaðar tekjur nema því 10.825,1 m.kr. samtals. Óhafin framlög frá fyrra ári nema samtals 181,1 m.kr. Skuld vegna fyrirframgreiðslu framlaga í janúar 2011 að fjárhæð 33,1 m.kr. kemur til frádráttar. Með tilsvísun til þessa nemur áætlað ráðstöfunarfjármagn sjóðsins 10.973,1 m.kr. á árinu.

Hvað gjaldahlið áætlunarinnar varðar nema áætluð framlög vegna breytingakostnaðar og NPA samtals 410,1 m.kr. Framlög vegna lengdrar viðveru, Melgerði, Reykjadalss og sumardvalar á Eyrarbakka og Stokkseyri samtals 119,0 m.kr. Framlög í Fasteignasjóð Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga nema 390,0 kr. Almenn framlög vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2013 nema samtals 10.054,0 m.kr. Með tilvísun til þessa nema áætluð gjöld sjóðsins vegna yfirfærslu málefna fatlaðs fólks á árinu samtals 10.973,1 m.kr.

## **ALMENN FRAMLÖG VEGNA ÞJÓNUSTU VIÐ FATLAÐ FÓLK 2013**

Lagt var fram til kynningar yfirlit yfir almenn framlög til sveitarfélaga/þjónustusvæða vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2013 sem nema samtals 10.054,0 m.kr. eins og áður segir. Þar af nema sérstök viðbótarframlög 176,0 m.kr. og framlag vegna leiðréttingar og uppgjörs framlaga á árinu 2011 samtals 70,0 m.kr.

## **NÝ REGLUGERÐ UM FRAMLÖG JÖFNUNARSJÓÐS SVEITARFÉLAGA VEGNA ÞJÓNUSTU VIÐ FATLAÐ FÓLK Á ÁRINU 2014**

Lögð voru fram til kynningar drög að nýrri reglugerð vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2014. Farið var sérstaklega yfir þær breytingar sem fram koma í nýrri reglugerð. Fram kom að ólokið væri viðræðum við Samband íslenskra sveitarfélaga um 4. gr. reglugerðarinnar sem er ný og fjallar um sérstök viðbótarframlög.

## **Upplýsingaöflun vegna framlaga 2014**

Fram kom að við mælingu á útgjaldþörf vegna þjónustu við fatlaða á árinu 2014 yrði byggt á þeim upplýsingum um kostnað og stuðningsþörf einstaklinga í sérhæfðri þjónustu sem lagðar voru til grundvallar að útreikningi framlaga á árinu 2013 að viðbættum upplýsingum sem aflað yrði frá sveitarfélögum/þjónustusvæðum í febrúar.

## **SIS MATIÐ**

### **Staða mála**

### **Endurmat – verklagsreglur 2014**

Miðað hefur verið við að nauðsynlegt sé að mat á stuðningsþörf (SIS) einstaklings sé endurtekið eftir 3 ár. Að teknu tilliti til þessa er lagt til að á árinu 2014 verði framkvæmt endurmat á þeim einstaklingum sem metnir voru SIS mati á árunum 2009 og 2010.

Viðræður hafa farið fram við fulltrúa Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins um að þeir taki að sér verkefnið og er áætlað að vinna við endurmatið geti hafist á fyrstu mánuðum næsta árs. Ráðgjafarnefnd samþykkti að leggja til að óskað væri eftir kostnaðaráætlun frá Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins vegna endurmatsins og jafnframt var lagt til að óskað væri eftir því að fulltrúar

stofnunarinnar kæmu til fundar við ráðgjafarnefnd í janúar eða febrúar á næsta ári til að fara yfir verklag við endurmatið.

## **SUMARBÚÐIR Í REYKJADAL OG KLETTASKÓLA**

### **Sameining búðanna – Nýtt samkomulag**

#### **Endurskoðun framlags**

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi frá Styrktarfélagi lamaðra og fatlaðra, dags. 9. desember 2013, um sumar- og helgardvöl fatlaðra barna og ungmenna í Reykjadal í Mosfellsbæ. Í erindinu er þess farið á leit við Jöfnunarsjóð sveitarfélaga að grunnfjárhæð framlags til Reykjadals á árinu 2014 verði hækkuð umfram áætlaðar verðlagshækkningar til að áframhaldandi rekstur búðanna verði tryggður á árinu 2014.

Fram kom að um tvískipt framlag væri að ræða vegna Reykjadals. Annars vegar væri um að ræða framlag í samræmi við kostnaðargreiningu á framlögum til málefna fatlaðs fólks sem næmi 11,9 m.kr. á árinu 2013. Hins vegar væri um að ræða framlag á grundvelli samkomulags um tímabundna breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga sem næmi 27,8 m.kr. á árinu 2013. Framlagið vegna Reykjadals næmi því samtals 39,7 m.kr. á árinu 2013 og vegna Sumarbúðanna á Eyrarbakka og Stokkseyri næmi það 14,0 m.kr.

Fram kom í erindi Styrktarfélagsins að rekstur búðanna hefði verið íþyngjandi síðustu árin og nam hallinn um 24,0 m.kr. á árinu 2012. Til stæði að sameina rekstur búðanna næsta sumar og endurskipuleggja hann og er talið að með því móti muni hallinn minnka um 9,0 m.kr. eða úr 24,0 m.kr. í 15,0 m.kr.

Til þess að tryggja áframhaldandi rekstur sumarbúðanna í Reykjadal á árinu 2014 samþykkti ráðgjafarnefndin að leggja til að framlag til reksturs búðanna héldist óbreytt þrátt fyrir sameiningu Reykjadals og Sumarbúðanna á Eyrarbakka og Stokkseyri og tekið væri tillit til þess við gerð samnings um rekstur búðanna á árinu 2014.

## **FRAMLÖG TIL EFLINGAR TÓNLISTARNÁMI OG JÖFNUNAR Á AÐSTÖÐUMUN NEMENDA**

### **Samkomulag frá 13. maí 2011 um eflingu tónlistarnáms og jöfnun á aðstöðumun nemenda til námsins.**

Samkomulag ríkis og sveitarfélaga frá 13. maí 2011 um eflingu tónlistarnáms og jöfnun á aðstöðumun nemenda til námsins féll úr gildi 31. ágúst sl. Fram kom að Samband íslenskra sveitarfélaga hefði ítrekað óskað eftir því við mennta- og menningarmálaráðuneytið að gengið yrði frá framlengingu samkomulagsins. Einnig hefði Sambandið átt í viðræðum við fjármálaráðuneytið um málið en framlenging samkomulagsins væri enn ekki í höfn. Þrátt fyrir þetta hefði mennta- og menningarmálaráðuneytið greitt mánaðarlega framlög til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga þá mánuði sem liðnir væru af skólaárinu 2013 – 2014 og því hefðu greiðslur borist sveitarfélögum með hefðbundnum hætti.

Fram kom að í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2014 kæmi fram að framlag ríkisins til eflingar tónlistarfræðslu á árinu 2014 næmi 520,0 m.kr. og hefði því beiðni um hækkun framlagsins ekki verið tekin til greina.

**Ályktun frá stjórn Samtaka Tónlistarskóla í Reykjavík (STÍR)**

Lögð var fram til kynningar ályktun Samtaka Tónlistarskóla í Reykjavík (STÍR), dags. 27. nóvember 2013, vegna samkomulags um eflingu tónlistarnáms og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms frá 13. maí 2011.

Í ályktuninni kemur fram að STÍR harmi að samkomulagið hafi enn ekki verið endurnýjað og að sú óvissa sem þessu fylgir sé óásættanleg fyrir tónlistarskólana sem sjá um kennslu þeirra nemenda sem samkomulagið tekur til.

Lagt var til að næsti fundur ráðgjafarnefndar yrði í janúar nk. og yrði boðaður sérstaklega.

Fleira var ekki gert og var fundi slitið kl. 15:30.

Halldór V. Kristjánsson